



ORKUSTOFNUN

## Staðsetning á hitastigulsholum suður frá Skagaströnd

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-98-11



## Staðsetning á hitastigulsholum suður frá Skagaströnd.

Vísbendingar um jarðhita eru þessar:

1. **Kirkjubær** í Norðurárdal. Þar er örnefnið Laugarhóll og laugar sagðar þar hjá. Of langt frá Skagaströnd til að hugsa um leit þar. Hefur ekki verið athugað.
2. **Eyjarkot.** Hitastigulshola með um það bil  $90^{\circ}\text{C}/\text{km}$  stigul. Kaldar holar á þessu svæði (Steinnýjarstaðir, Efri-Harrarstaðir og Ásholt) sýna  $65-70^{\circ}\text{C}/\text{km}$  stigul.
3. **Vindhæli.**  $11^{\circ}$  heitar volgrur eru í mynni Hallárdals um það bil 1 km austan við bæinn.  $12^{\circ}\text{C}$  hiti í sprungu/æð á 85 m dýpi í borholu. Hiti í 100 m ( $12,3^{\circ}\text{C}$ ) svarar til  $90^{\circ}\text{C}/\text{km}$  stiguls. Kísill í vatninu er lágor og bendir ekki til hærri hita.

Ákveðið var að beina jarðhitaleitinni að svæðinu sunnan við Skagaströnd milli Eyjarkots og Vindhælis þar sem volgurnar eru og stigullinn er hæstur.

Staðsettar voru 6 hitastigulsholur. Stöðum og aðkomu að þeim er lýst hér á eftir.

1. **Syðriey.** Borstaður er um það bil 1 km austan við hitastigulsholuna í Eyjarkoti og 50 m hærra í landinu; norðan við grunna gilskoru sem liggur að Syðrieyjarbænum. Aðkoma er upp eftir túninu og síðan þurrleidismel og móa að gilinu. Dýpi á fast 2-4 m. Bordýpi miðast við 50 m.
2. **Ytríey.** Borstaður er við Eyjarstapa um það bil 600 m norður frá bænum og um það bil 300 m vestan við þjóðveginn (40 m hæð yfir sjávarmáli.). Aðkoma er frá veginum eftir sléttum mel og móa síðasta spölinn. Vatn er ekki nærri. Dýpi á fast er 0-1 m. Bordýpi miðast við 50 m.
3. **Hafsstæðir.** Borstaður er austan við bæinn þar sem Hafsstæðaá rennur fram úr gilinu. Klöpp er á borstað. Bordýpi miðast við 50 m. Aðkoma er greið og stutt frá vegi.
4. **Kjalarland.** Borstaðurinn er u.þ.b. 600 m austan við veiðihúsið, vestan megin við skurð sem liggur sunnan úr mýrardragi sem þarna er. Skurður liggur austan frá þvert á N-S skurðinn og er borstaðurinn rúmlega 100 m sunnan við skurðamótin, merktur með langri spýtu sem stendur vel upp úr mýrinni. Hæð yfir sjávarmáli er um 80 m. Borstaðurinn er í líklegustu sprungustefnu suður frá Vindhælisvolgrunum og 700-800 m frá þeim. Aðkoma er frá veiðihúsini eftir melum og síðan yfir mýrardragið sem er þýft og var þurrt þegar skoðað var. Vatn er í skurðunum. Dýpi á fast gæti verið um 10 m. Bordýpi miðast við 60 m.
5. **Vakursstæðir/Vindhæli.** Borstaður er á bakka Hallár, um það bil 700 m fyrir utan Vakursstæði (80 m hæð yfir sjávarmáli). Jeppaslóð liggur inn á dalinn og er ekið af henni niður að ánni stuttan spöl eftir melum. Dýpi á fast er um 2-4 m. Bordýpi miðast við 50 m. Staðurinn er um það bil 1500 m innan við Vindhælis-volgrunnar.
6. **Vindhæli.** Borstaðurinn er í malargryfju austan þjóðvegar þar sem ekið er inn á jeppaslóðina í Hallárdal. Hæð yfir sjávarmáli er um 50 m. Vatn er ekki nærri. Dýpi á fast er óvist, gæti verið um eða yfir 10 m. Bordýpi miðast við 50 m.

Kristján Sæmundsson

ÍA EKKI FJARLÆGJA